

*Lífeyrissjóður
arkitekta og
tæknifræðinga*

Ársreikningur árið 2002

*Lífeyrissjóður
arkitekta og tæknifræðinga
Kirkjusandi
155 Reykjavík*

kt. 430798-3249

Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga

Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12
Kennitölur	13
Deildarskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign	14
Deildarskiptur efnahagsreikningur	15
Deildarskipt sjóðstreymi	16

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyis, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 11. mars 2003.

Deloitte & Touche hf.

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga (LAT) koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Heildareignir LAT í lok ársins 2002 voru 6.769 milljónir og jukust þær um 3% á árinu. Eignir tryggingadeildar í árslok voru 1.440 milljónir en eignir séreignardeildar voru 5.329 milljónir. Á árinu voru greidd iðgjöld að fjárhæð 612 milljónir sem er 10% aukning frá fyrra ári. Iðgjöldin skiptust þannig að greidd lágmarksíðgjöld voru 509 milljónir og viðbótariðgjöld 103 milljónir króna. Á árinu voru greiddar 44 milljónir króna í lífeyrisgreiðslur og skiptust þær þannig að 31 milljón var greidd úr séreignardeild og 13 milljónir úr tryggingadeild. Alls fengu 45 sjóðfélagar greiddan lífeyri úr séreignardeild en úr tryggingadeild fengu 11 greiddan ellilífeyri, 9 fengu greiddan örorkulífeyri, 1 fékk makalífeyri, 1 barnalífeyri og 2 fengu greiddan fjölskyldulífeyri. Á árinu greiddi samtryggingarsjóður 103 milljónir í séreignarsjóð sem bónus (8% af reiknaðri áfallinni skuldbindingu) vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu í ársbyrjun.

Raunávöxtun sjóðsins hefur verið neikvæð síðustu þrjú árin, árið 2002 um -6,9%. Erlendar eignir sjóðsins rýrnuðu mikið á árinu vegna verðlækkana á hlutabréfamörkuðum og hækkunar gengis íslensku krónunnar. Lækkun á erlendum eignum varð því 38%. Hins vegar skiluðu innlendar eignir sjóðsins í skuldabréfum 10,6% og hlutabréf 22,9% nafnávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 1,4% og 2,4% ef skuldabréf sjóðsins eru metin miðað við upphafleg vaxtakjör.

Taflan sýnir ávöxtun sjóðsins, ávöxtun helstu verðbréfaflokka, eignasamsetningu sjóðsins og þróun helstu vísitalna.

<i>Ávöxtun í %</i>		
Nafnávöxtun 2002		-5,0
Raunávöxtun 2002		-6,9
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár (1998-2002)		1,4
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár (1998-2002) *		2,4
<i>Ávöxtun verðbréfaflokka 2002 í %</i>		
	<i>Nafn</i>	<i>Raun</i>
Skuldabréf	10,6	8,4
Innlend hlutabréf	22,9	20,5
Erlend hlutabréf	-38,0	-39,2
<i>Eignir 31.12.2002 í %</i>		
	<i>Safn</i>	<i>Stefna</i>
Skuldabréf	62	50
Innlend hlutabréf	13	10
Erlend hlutabréf	25	40
<i>Þróun helstu vísitalna árið 2002 í %</i>		
Vísitala neysluverðs		2,0
Vísitala húsbrefta 9,6 ár		15,4
Heildarvísitala aðallista		21,6
Heimsvísitala hlutabréfa (USD)		-21,1
Gengisvísitala krónunnar		-13,5
* Skuldabréf metin miðað við upphafleg vaxtakjör.		

Á árinu 2002 dróg verulega úr eftirspurn eftir lánunum til sjóðfélaga og voru lánveitingar alls 119 milljónir (55 lán, meðallán 2,2 milljónir) en árið 2001 voru veitt lán fyrir 226 milljónir (99 lán, meðallán 2,3 milljónir).

Í nóvember var fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs LAT endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða. Við endurskoðunina var m.a. farið yfir aldursamsetningu sjóðfélaga, tryggingafræðilega stöðu og sögulega ávöxtun á verðbréfamarkaði.

Í úttekt tryggingafræðings á tryggingadeild LAT miðað við 31.12.2001 var bent á að undir vissum kringumstæðum geti örorkutilvik haft veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu deildarinnar. Besta leiðin til að minnka þessa áhættu væri að fjölga sjóðfélögum. Á ársfundi LAT 2002 urðu töluverðar umræður um þetta mál og komu fram tillögur um að að stjórnin gerði átak í því að fjölga sjóðfélögum ásamt því að bæta við fleiri ávöxtunarleiðum. Í framhaldi af fundinum kannaði stjórn sjóðsins ýmsa kosti til að ná þessum markmiðum. M.a. var efnt til sérstaks kynningarátaks um sjóðinn meðal útskriftamema í háskólum landsins en viðbrögð voru lítil. Stjórnin kannaði einnig leiðir til að fjölga ávöxtunarleiðum en til þess þurfti að breyta samþykktum og fyrirséð var að kostnaður myndi vaxa. Stjórnin velti einnig fyrir sér möguleikum á að sameinast öðrum sjóðum eða fá aðra sjóði til að sameinast LAT. Niðurstaða stjórnarinnar eftir þessa athugun og skoðun, var að ganga til könnunarviðræðna við stjórn ALVÍB um samstarf eða sameiningu sjóðanna. Þeim viðræðum lauk með því að undirrituð var viljayfirlýsing þann 4. október sl. um að sameina sjóðina 1. janúar 2003.

Tillaga um sameiningu LAT og ALVÍB var samþykkt á aukaársfundi LAT og sjóðfélagafundi ALVÍB 17. desember 2002. Stjórn LAT telur að hagur af sameiningu geti orðið margvíslegur fyrir sjóðfélaga LAT og er hann helst eftirfarandi m.a:

- Fleiri ávöxtunarleiðir.
- Lægri kostnaður.
- Aukning lífeyrisréttinda.
- Meiri áhættudreifing.

Vegna tillögu um sameiningu LAT og ALVÍB var gerð tryggingafræðileg úttekt á báðum sjóðunum miðað við 30.9.2002. Niðurstaða úttektarinnar sýndi mjög góða stöðu beggja sjóðanna en þó heldur betri hjá LAT m.a. vegna annars kynjahlutfalls en hjá ALVÍB. Niðurstaða úttektarinnar er að eignir LAT eru 0,4% umfram áfallnar skuldbindingar en þegar litið er til framtíðarskuldbindingar vegna framtíðariðgjalda eru heildareignir 13,9% umfram heildarskuldbindingar. Vegna þessa voru áunnin lífeyrisréttindi í LAT endurreiknuð í árslok með hliðsjón af rétttri kynjaskiptingu í sjóðnum og hækkuðu réttindin um 5%. Við sameininguna voru tryggingafræðilegar forsendur ALVÍB og LAT metnar m.v. sömu forsendur en við það hækkuðu réttindi arkitekta og tæknifræðinga um 12%.

Lífeyrissjóðurinn greiddi stjórnarlaun að fjárhæð kr. 1.292.000 á árinu 2002 fyrir árið 2001 en stjórnarlaun eru ákveðin á ársfundi fyrir síðastliðið ár.

Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga sameinaðist Almenna lífeyrissjóðnum þann 1. janúar 2003 og voru inneignir og lífeyrisréttindi sjóðfélaga flutt yfir í hann.

Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og framkvæmdastjóri, staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík 11. mars 2003

Framkvæmdastjóri

Gunnar Baldvinsson
f.h. Íslandsbanka-Eignastýringar

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2002

	Skýr.	2002	2001
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		259.925.066	241.187.624
Iðgjöld launagreiðenda		354.800.110	319.569.719
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(44.136.258)	(3.323.039)
		570.588.918	557.434.304
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	44.273.570	36.311.165
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		20.916	11.717
		44.294.486	36.322.882
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		(966.359)	(6.310.320)
Vaxtatekjur og gengismunur	4	(327.517.074)	513.388.340
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	0	(499.925.040)
		(328.483.433)	7.152.980
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.122.900	1.256.167
Vaxtagjöld		411.919	46.116
		1.534.819	1.302.283
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.629.176	5.217.247
		6.629.176	5.217.247
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar		189.647.004	521.744.872
Matsbreytingar		0	499.925.040
Hækkun á hreinni eign á árinu		189.647.004	1.021.669.912
Hrein eign frá fyrra ári		6.579.361.784	5.557.691.872
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		6.769.008.788	6.579.361.784

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Eignir			
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,5	5.185.038.431	5.097.218.457
Verðbréf með föstum tekjum	2,6	645.016.717	655.696.184
Veðlán	2,7	863.424.790	805.843.375
		<u>6.693.479.938</u>	<u>6.558.758.016</u>
Fjárfestingar		<u>6.693.479.938</u>	<u>6.558.758.016</u>
Kröfur			
Aðrar kröfur		3.094.987	1.538.131
Kröfur		<u>3.094.987</u>	<u>1.538.131</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		73.264.597	19.639.040
Aðrar eignir		<u>73.264.597</u>	<u>19.639.040</u>
Eignir		<u>6.769.839.521</u>	<u>6.579.935.187</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir		830.733	573.403
		<u>830.733</u>	<u>573.403</u>
Skuldir		<u>830.733</u>	<u>573.403</u>
Hrein eign séreignardeildar		5.328.934.258	5.336.609.079
Hrein eign tryggingadeildar		<u>1.440.074.530</u>	<u>1.242.752.705</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>6.769.008.788</u>	<u>6.579.361.784</u>

Sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
Inngreiðslur			
Iðgjöld		570.588.918	557.434.304
Fjárfestingartekjur		156.580.596	132.433.509
Afborganir verðbréfa		132.816.249	132.168.834
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		786.874.427	1.024.324.854
Aðrar inngreiðslur		158.993	8.014.809
Inngreiðslur		<u>1.647.019.183</u>	<u>1.854.376.310</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		44.175.234	36.311.165
Fjárfestingargjöld		1.534.819	1.302.282
Rekstrarkostnaður án afskrifta		7.143.340	5.217.247
Aðrar útgreiðslur		20.916	11.717
Útgreiðslur		<u>52.874.308</u>	<u>42.842.411</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>1.594.144.875</u>	<u>1.811.533.899</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		1.375.866.229	1.476.249.377
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		44.739.675	97.353.700
Ný veðlán og útlán		119.913.414	230.093.676
Ráðstöfun alls		<u>1.540.519.318</u>	<u>1.803.696.753</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum		53.625.557	7.837.146
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>19.639.040</u>	<u>11.801.894</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>73.264.597</u>	<u>19.639.040</u>

Skýringar

Lýsing á starfseminni

1. Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er blandaður með tveimur deildum, séreignar- og tryggingadeild. Sjóðfélagar geta orðið allir arkitektar og tæknifræðingar en stjórn sjóðsins er heimilt að veita einstökum mönnum eða hópi aðild að sjóðnum, enda gegni þessir menn störfum, sem hliðstæð eru störfum arkitekta og tæknifræðinga.

Tryggingadeild:

Með greiðslum í tryggingadeild geta sjóðfélagar tryggt sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða. Á þann hátt tryggja sjóðsfélagar sér lífeyrisgreiðslur frá 70 ára aldri til æviloka, örorkulífeyri við starfsorkumissi, og makalífeyri við fráfall sjóðsfélaga og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga eða ef sjóðfélagi verður öryrki. Sjóðfélagar geta einnig bætt við sig ellilífeyrisréttindum með greiðslum í tryggingadeildina. Iðgjald sjóðfélaga sem ekki tryggja sér lágmarkstryggingavernd í öðrum lífeyrissjóði skal vera a.m.k. 10% af launum.

Séreignardeild:

Sjóðfélögum er heimilt að greiða iðgjald í séreignardeild til lágmarkstryggingaverndar og/eða viðbótartryggingarverndar skv. lögum um lífeyrissjóði. Fé það sem lagt er inn í séreignardeild í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélagi þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem séreignardeildinni áskotnast vegna eignar hans í séreignardeildinni. Sjóðfélagar geta greitt hluta lágmarksiðgjalds í séreignarsjóð en þá greiðir séreignarsjóður lágmarksellilífeyri frá 70 til 79 ára aldri en tryggingadeild greiðir síðan lágmarkslífeyri frá 80 ára aldri til æviloka.

Lífeyrisréttindi:

Réttindi til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast af því iðgjaldi sem greitt er í tryggingadeildina ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til tryggingadeildarinnar. Réttindin eru verðtrygð. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur einnig haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Reikningsskilaaðferðir

2. Með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 765/2002 voru gerðar breytingar á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Með breytingunum voru afnumin ákvæði reglna um ársreikninga sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er þó heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ársreikningi þessum er því ekki reiknuð verðbreytingafærsla. Samanburðartölum frá fyrra ári hefur ekki verið breytt.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, að lífeyrissjóðurinn hefur lagt af verðleiðréttingar í reikningsskilum sínum. Ársreikningurinn er því gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga til ársloka 2001.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán, önnur útlán og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Skýringar

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á áætluðu markaðsverði.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við áætlað markaðsverð þeirra í árslok.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við áætlað markaðsverð þeirra í árslok.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Lífeyrir

3. Lífeyrir greinist þannig:

	2002	2001
Séreignardeild		
Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild.....	31.261.222	20.348.832
Tryggingadeild		
Ellilífeyrir	5.083.925	4.890.044
Örorkulífeyrir	7.575.418	10.109.098
Makalífeyrir	111.632	795.200
Barnalífeyrir.....	169.649	0
Fjölskyldulífeyrir.....	71.724	167.991
	13.012.348	15.962.333
Lífeyrir alls.....	44.273.570	36.311.165

Vaxtatekjur og gengismunur

4. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

Vextir af handbæru fé	(2.476.207)
Dráttarvextir iðgjalda	6.876.107
Aðrar fjármunatekjur	218.277
	4.618.177
Gengismunur innlendra hlutdeildarskírteina	220.553.495
Gengismunur erlendra hlutdeildarskírteina	(720.683.966)
Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfa	144.549.534
Dráttarvextir skuldabréfa	1.193.119
Endurgreidd þóknun af verðbréfakaupum	22.252.566
	(332.135.251)
	(327.517.074)

Skýringar

Verðbréf með breytilegum tekjum

5. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	9.240.950
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	187.385
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	3.791.365.657
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	1.384.244.439
	<u>5.185.038.431</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:	Bókfært verð
Skráð innlend hlutafélög.....	1.965.950
Óskráð innlend hlutafélög.....	7.275.000
	<u>9.240.950</u>
Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:	
Eignarhlutar í skráðum erlendum félögum.....	187.385
	<u>187.385</u>
Hlutabréfaeign alls	<u>9.428.335</u>
Hlutdeildarskírteini greinast þannig:	
Innlendir verðbréfasjóðir:	
Sjóðir með skuldabréfum	2.618.595.268
Sjóðir með hlutabréfum	1.172.770.389
	<u>3.791.365.657</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:	
Sjóðir með hlutabréfum	1.384.244.439
	<u>1.384.244.439</u>
Hlutdeildarskírteini alls	<u>5.175.610.096</u>

Verðbréf með föstum tekjum

6. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð	
Skuldabréf Húsnæðisstofnunar	60.394.127
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	49.356.052
	<u>109.750.179</u>
Skuldabréf sveitarfélaga	170.914.884
Skuldabréf lánastofnana	212.895.827
Skuldabréf fyrirtækja	151.455.827
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>645.016.717</u>

Skýringar

Veðlán

7. Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga	851.236.364
Önnur veðskuldabréf.....	12.188.426
	<u>863.424.790</u>

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum.

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	3.494.271.356	1.690.767.075	5.185.038.431
Verðbréf með föstum tekjum	612.955.541	32.061.176	645.016.717
Veðlán	<u>863.424.790</u>	<u>0</u>	<u>863.424.790</u>
	<u>4.970.651.687</u>	<u>1.722.828.251</u>	<u>6.693.479.938</u>
Hlutfallsleg skipting	74,3%	25,7%	

Nafnávöxtun fjárfestinga sjóðsins eftir tegundaflokkum

9. Innlán í bönkum og sparisjóðum.....	8,8%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð.....	11,5%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga.....	9,5%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofna.....	11,7%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf.....	9,2%
Önnur verðbréf.....	11,1%
Innlend hlutabréf.....	22,9%
Gengisbundin verðbréf/erlend hlutabréf.....	-38,0%

Við útreikning nafnávöxtunar fjárfestinga sjóðsins eru eignir hans í verðbréfasjóðum brotnar niður á eignaflokka.

Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

10. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á áætluðu markaðsverði í árslok. Væru þessi verðbréf færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi væri mat þeirra 3,4 milljónum króna hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærrí.

Ábyrgðir

11. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir um 32 millj. kr. Staða þessara samninga í árslok var jákvæð um 1 millj. kr. og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins.

Nettó áhrif framangreindra samninga hafa verið færð á liðinn vaxtatekjur og gengismun í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til eignar á liðinn aðrar kröfur í efnahagsreikningi.

Skýringar

Lífeyrisskuldbindingar

12. Tryggingafærðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Tryggingafræðileg úttekt á fjárhagsstöðu tryggingadeildar sjóðsins fór fram í ársbyrjun 2003 og miðaðist hún við stöðu sjóðsins í árslok 2002. Helstu niðurstöður úttektarinnar miðað við 3,5% raunávöxtun eigna sjóðsins eru þær að áfallnar skuldbindingar sjóðsins eru 109,6 milljónir króna umfram eignir eða -6,4% og að eignir sjóðsins eru 104,9 milljónir króna umfram heildarskuldbindingar eða 1,6%.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	1.440.075		1.440.075
Endurmat verðbréfa.....	160.374		160.374
Fjárfestingarkostnaður.....	(13.482)		(13.482)
Viðbót vegna iðgjalda.....	29.723		29.723
Núvirði framtíðariðgjalda.....		5.185.091	5.185.091
	<u>1.616.690</u>	<u>5.185.091</u>	<u>6.801.781</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.280.393	3.713.135	4.993.528
Örorkulífeyrir	347.791	841.290	1.189.081
Makalífeyrir	91.335	336.970	428.305
Barnalífeyrir	1.494	47.860	49.354
Rekstrarkostnaður	5.314	31.260	36.574
	<u>1.726.327</u>	<u>4.970.515</u>	<u>6.696.842</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(109.637)	214.576	104.939
Í hlutfalli af skuldbindingum	-6,4%	4,3%	1,6%

Deildarskipting

13. Lífeyrissjóðurinn er í tveimur deildum, séreignar- og tryggingadeild. Deildirnar hafa sameiginlega fjárfestingarstefnu og eignirnar eru í einu verðbréfasafni. Eignasafninu er daglega skipt í einingar sem færðar eru á viðeigandi deild og gengi safnsins reiknað. Eignum og skuldum sjóðsins er síðan skipt hlutfallslega á milli deilda miðað við stöðu eininga á hverjum tíma. Stöðu hvers sjóðfélaga í séreignardeild er því hægt að sjá daglega og heildarstöðu tryggingadeildar. Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2002, deildarskiptur efnahagsreikningur og deildarskipt sjóðstreymi 2002 er á bls. 14-16.

Breytingar á innstæðum sjóðfélaga greinast þannig:

	Séreignar- deild	Trygginga- deild	Samtals
Innstæður í ársbyrjun.....	5.336.609.079	1.242.752.705	6.579.361.784
Flutningur úr trygg.deild í séreignardeild.....	103.342.650	(103.342.650)	0
Innborganir á árinu.....	198.965.312	371.623.606	570.588.918
Lífeyrisgreiðslur á árinu.....	(31.261.222)	(13.033.264)	(44.294.486)
Ávöxtun á árinu.....	(278.721.561)	(57.925.867)	(336.647.428)
Innstæður sjóðfélaga í árslok.....	<u>5.328.934.258</u>	<u>1.440.074.530</u>	<u>6.769.008.788</u>

Kennitölur

	2002	2001	2000	1999	1998
1. Hrein raunávöxtun sjóðsins.....	-6,88%	-0,10%	-3,50%	9,00%	9,80%
2. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun.....	1,45%	3,64%	4,92%	9,40%	
3. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum	1,16%	0,94%	0,96%	1,29%	1,84%
4. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum.....	0,10%	0,09%	0,08%	0,11%	0,08%
5. Rekstrarkostnaður á virkan sjóðfélaga.....	6.927	5.140	4.263	5.199	3.643
6. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	77,36%	77,61%	78,61%	79,32%	
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	5,01%	4,05%	1,89%	0,90%	
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	0,11%	0,11%	0,13%	0,00%	
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	4,63%	5,95%	8,58%	11,38%	
Veðlán.....	12,90%	12,29%	10,79%	8,40%	
7. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum.....	74,30%	66,60%	68,70%	78,50%	85,90%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	25,70%	33,40%	31,30%	21,50%	14,10%
8. Fjöldi virkra sjóðfélaga.....	957	1015	1060	966	866
10. Fjöldi lífeyrisþega.....	55	42	41	33	18
11. Hlutfallsleg skipting lífeyris í tryggingadeild:					
Ellilífeyrir.....	37,07%	30,64%	54,51%	62,54%	43,80%
Örorkulífeyrir.....	58,22%	63,33%	44,86%	36,68%	24,48%
Makalífeyrir.....	1,41%	4,98%	0,63%	0,78%	12,15%
Barnalífeyrir.....	1,30%	1,05%	0,00%	0,00%	19,57%
12. Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	1,60%	8,40%	17,10%	6,90%	9,40%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	-6,40%	8,10%	14,40%	15,10%	-4,40%

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2002

	Trygginga- deild	Séreignar- deild	Samtals 2002
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga	148.602.966	111.322.100	259.925.066
Iðgjöld launagreiðenda	222.787.119	132.012.991	354.800.110
Iðgjöld flutt milli deilda	(103.342.650)	103.342.650	0
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	233.521	(44.369.779)	(44.136.258)
	<u>268.280.956</u>	<u>302.307.962</u>	<u>570.588.918</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	13.012.348	31.261.222	44.273.570
Annar beinn kostn. vegna örorku	20.916	0	20.916
	<u>13.033.264</u>	<u>31.261.222</u>	<u>44.294.486</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	(186.743)	(779.616)	(966.359)
Vaxtatekjur og gengismunur	(55.605.063)	(271.912.011)	(327.517.074)
	<u>(55.791.806)</u>	<u>(272.691.628)</u>	<u>(328.483.433)</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	495.205	627.695	1.122.900
Vaxtagjöld	79.601	332.318	411.919
	<u>574.805</u>	<u>960.013</u>	<u>1.534.819</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.559.256	5.069.920	6.629.176
	<u>1.559.256</u>	<u>5.069.920</u>	<u>6.629.176</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr.	197.321.825	(7.674.821)	189.647.004
Matsbreytingar	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	197.321.825	(7.674.821)	189.647.004
Hrein eign frá fyrra ári	<u>1.242.752.705</u>	<u>5.336.609.079</u>	<u>6.579.361.784</u>
Hrein eign í árslok til gr. lífeyris	<u>1.440.074.530</u>	<u>5.328.934.258</u>	<u>6.769.008.788</u>

Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2002

	Trygginga- deild 31.12.2002	Séreignar- deild 31.12.2002	Samtals 31.12.2002
Eignir			
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	1.103.092.346	4.081.946.085	5.185.038.431
Verðbréf með föstum tekjum	137.224.249	507.792.468	645.016.717
Veðlán	183.689.531	679.735.259	863.424.790
	<u>1.424.006.125</u>	<u>5.269.473.812</u>	<u>6.693.479.938</u>
Fjárfestingar	<u>1.424.006.125</u>	<u>5.269.473.812</u>	<u>6.693.479.938</u>
Kröfur			
Aðrar kröfur	658.444	2.436.543	3.094.987
Kröfur	<u>658.444</u>	<u>2.436.543</u>	<u>3.094.987</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán	15.586.696	57.677.901	73.264.597
Aðrar eignir	<u>15.586.696</u>	<u>57.677.901</u>	<u>73.264.597</u>
Eignir	<u>1.440.251.265</u>	<u>5.329.588.256</u>	<u>6.769.839.521</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	176.735	653.998	830.733
Skuldir	<u>176.735</u>	<u>653.998</u>	<u>830.733</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	<u>1.440.074.530</u>	<u>5.328.934.258</u>	<u>6.769.008.788</u>

Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

	Trygginga- deild	Séreignar- deild	Samtals 2002
Inngreiðslur			
Iðgjöld	268.280.956	302.307.962	570.588.918
Fjárfestingartekjur	30.258.168	126.322.428	156.580.596
Afborganir verðbréfa	25.665.864	107.150.385	132.816.249
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	152.058.294	634.816.133	786.874.427
Aðrar inngreiðslur	30.724	128.269	158.993
Inngreiðslur	<u>476.294.006</u>	<u>1.170.725.177</u>	<u>1.647.019.183</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	12.998.175	31.177.059	44.175.234
Fjárfestingargjöld	574.805	960.013	1.534.819
Rekstrarkostnaður án afskrifta	1.680.193	5.463.146	7.143.340
Aðrar útgreiðslur	4.042	16.874	20.916
Útgreiðslur	<u>15.257.215</u>	<u>37.617.093</u>	<u>52.874.308</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>461.036.791</u>	<u>1.133.108.084</u>	<u>1.594.144.875</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum	401.540.930	974.325.299	1.375.866.229
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	12.938.997	31.800.678	44.739.675
Ný veðlán og útlán	34.679.719	85.233.695	119.913.414
Ráðstöfun alls	<u>449.159.645</u>	<u>1.091.359.673</u>	<u>1.540.519.318</u>
Hækk. (lækk.) á sjóði og veltiinnl.	11.877.146	41.748.411	53.625.557
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>3.709.550</u>	<u>15.929.490</u>	<u>19.639.040</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>15.586.696</u>	<u>57.677.901</u>	<u>73.264.597</u>